

Rangárþing ytra
b/t Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 14. júní 2019
UST201906-013/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Minna-Hof – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 3. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Minna-Hof í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið nær til alls 42 íbúðarlóða í landi Minna-Hofs, landspildu 1 og er skipulagssvæðið um 117,8 ha. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland í endurskoðuðu aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028.

Íbúðarsvæði í dreifbýli og forsendur

Í valkostagreiningu umhverfisskýrslu aðalskipulags Rangárþings ytra 2016 – 2028, sem nú er í endurskoðun, eru metin áhrif uppbyggingar íbúðarbyggðar á náttúru, landslag, samfélag, samgöngur, heilsu, vellíðan og minjar. Í umhverfisskýrslu kemur fram að áhrif uppbyggingar á Minna-Hofi eru metin neikvæð fyrir utan áhrif á samfélag sem eru metin jákvæð og áhrif á minjar eru óviss.

Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að fjallað sé nánar um það í tillögunni af hverju svæðið sem er hér til umfjöllunar var/verður fyrir valinu sem nýtt íbúðarsvæði í dreifbýli þar sem áhrif tillögunnar eru metin neikvæð.

Landsskipulagsstefna og forsendur

Í kafla 2.1.1 í landskipulagsstefnu, sem nefnist sjálfbær byggð í skipulagsáætlunum, segir að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi. Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi um í tillögunni hvernig íbúðarsvæði í dreifbýli samrýmast ofangreindum markmiðum Landskipulagsstefnu.

Náttúrufar og vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að eitt af meginmarkmiðum nýs aðalskipulags er m.a. að stuðla að gróðurvernd, landgræðslu og fjölbreyttri landnýtingu. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í deiliskipulagstillögunni í hverju gróðurvernd og landgræðsla er fólgin á svæðinu sem hér til umfjöllunar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í víðikjarrvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), skógarþröstur (*Turdus iliacus*) og grágæs (*Anser anser*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að forðast rask á ofangreindum vistgerðum og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Rask og gróður

Þar sem svæðið sem tillagan nær til er tiltölulega óraskað með vistgerðir með hátt verndargildi, leggur Umhverfisstofnun það til að rask á svæðinu verði í lágmarki og við framkvæmdir svo sem vegaf framkvæmdir, göngustígagerð og uppgröft á húsgrunnum verði gróðurtorfur lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur